Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Lista og menningarráð

Kópavogi, 2. júní 2023
23051649/005.05 JVK

Efni: svar við fyrirspurn Margrétar Tryggvadóttur og Ísabellu Leifsdóttur um stöðu menningarstofnanna

Á fundi lista- og menningarráðs þann 24.05.2023 var lögð fram fyrirspurn fulltrúa Vina Kópavogs og áheyrnarfulltrúa Samfylkingarinnar, dags. 19.05.2023, um stöðu menningarstofnana bæjarins og stöðu ráðsins. Erindi var vísað til bæjarritara til umsagnar.

Náttúrfræðisafn Kópavogs

Viðræður eru í gangi á milli Náttúrufræðistofnunar Íslands og Hafrannsóknarstofnunar um að taka yfir rannsóknarhlutann. Uppsagnir starfsmanna tóku gildi 1. júní og vinna þeir ekki út uppsagnartímann, nema forstöðumaður sem vinnur út júnímánuð. Nýr forstöðumaður Náttúrufræðistofu hefur tekið við keflinu og undirbýr nú atvinnuauglýsingar fyrir þær þrjár stöður sem fylgdu með safnhluta Náttúrufræðistofu. Auk þess er hafið samtal milli forstöðumanns Gerðarsafns og Náttúrufræðistofu við forstöðumenn bókasafns og Salarins um samstarfsvettvang. Þá hefur verið rætt við Theresu Himmer arkitekt um að gera þarfagreiningu og stilla upp skissuteikningum af fyrstu hæð bókasafnsins og nánasta umhverfi menningarhúsanna í samráði við forstöðumann menningarmála og forstöðumenn menningarhúsanna auk starfsmanna þeirra. Gert er ráð fyrir að ráða sumarstarfsmann við Náttúrfræðistofu sem sinnir helstu verkefnum hennar í sumar í samstarfi við forstöðumann. Búið er að skipuleggja móttöku hópa sem þegar eiga bókaðar leiðsagnir á safninu. Gera má ráð fyrir að yfirfærslan á safneign og starfsemi Náttúrufræðistofu taki nokkra mánuði en stefnt er að því að gestir safnsins verði sem minnst varir við þær breytingar. Stefnt er að því að byrjað verði að endurhanna rýmið á fyrstu hæð safnsins í byrjun janúar 2024 og að henni verði að mestu lokið í maí sama ár.

Salurinn tónlistarhús

Starfshópur fyrir Salinn hefur ekki verið skipaður, en fyrirhugað er að hann taki til starfa á haustmánuðum.

Héraðsskjalasafn Kópavogs

Viðræður er í gangi á milli Þjóðskjalasafns Íslands og Kópavogsbæjar um yfirfærslu héraðsskalasafnsins. Þær viðræður eru komnar skammt á veg en fengið mjög jákvæðan hljómgrunn.

Virðingarfyllst,

_____

Pálmi Þór Másson
bæjarritari

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026